

Fornleifakönnun í landi Miðdalskots í Laugardalshreppi, Árnessýslu



Orrí Vésteinsson og Guðmunda Björnsdóttir



*Reykjavík 2001
Fornleifastofnun Íslands
FS162-01091*

1. kafli. Inngangur

Fyrir dyrum stendur að skipuleggja sumarhúsabyggð í landi Miðdalskots í Laugardalshreppi í Árnessýslu. Fyrirhuguð sumarhúsabyggð er í norðvesturhluta jarðarinnar, um 100 metra austan landamerkja við Miðdal. Fyrir hönd landeigenda hafði Laugardalshreppur samband við Fornleifastofnun Íslands snemma sumars 2001 og fór þess á leit að gerð yrði fornleifaskráning á jörðinni. Skráningin fór fram dagana 1. – 2. júlí 2001 og var gerð af Guðmundu Björnsdóttur undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings.

Helsti heimildarmaður var Margrét S. Lárusdóttir ábúandi að Miðdalskoti auk Guðmundar Rafnars Valtýssonar. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

2. kafli. Löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 11. grein þjóðminjalaga (nr. 107 2001), er skylt að "fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna."

Samkvæmt 10. grein laganna eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a.** búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum,

- verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c.** gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d.** gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e.** virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f.** gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
 - h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i.** skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : "Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir ... skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

3. Kafli. Athuganir og staðarhættir


Engin fornleifakönnun hefur áður farið fram í landi Miðdalskots. Miðdalskot byggðist fyrst á fyrri hluta 17. aldar en var í eyði 1708. Þá var kotið kallað

Miðdalshjáleiga en seinna gekk það undir nöfnunum Maríugerði og Austurkot. Miðdalskot var átta hundraða jörð á 19. öld, að mestu gróin, mýrar neðan túns en kjarr ofan þess og upp í Miðdalsfjall.

Miðdalskot er ríkisjörð byggð út úr Miðdal. Landareignin afmarkast af Þríhylsgili að vestan, með Hagalæk niður að Skillandsá að Gamlabæ í landi Ketilvalla. Þaðan eru skurðir á merkjum Miðdalskots og Ketilvalla að Fari. Þaðan er sjónlína upp að Stekkjargili að austan sem, skilur að Miðdalskot og land Laugardalshóla.

Áður taldist jörðin rýrðarkot en landið hefur verið mikið ræktað á 20. öld og telst nú góð bújörð. Í skóginum ofan og vestan túns er skjólgott og er það svæði fyrirhugað framkvæmdasvæði. Bæjarhóllinn stóð áður ofarlega í svokallaðri Lambhúsbrekku, norðarlega í landareigninni þar sem land fer að hækka í átt að fjallsrótum Miðdalsfjalls. Síðar var bærinn færður neðar í brekkuna og svo á núverandi stað árið 1938.

Landareign Miðdalskots er að mestu sléttað láglandi, þurrt að norðan en votlendara sunnar. Mannvirki hafa í gegnum tíðina fyrst og fremst verið reist á þurrlendinu í túninu heima við bæinn og næsta nágrenni þess. Einn minjastaður er skráður utan þess svæðis en ekki er vitað hvort það mannvirki hefur tilheyrt Miðdal eða Miðdalskoti. Þjóðvegur liggur í gegnum landareignina og eru allar skráðar fornleifar norðan hans.



Kort 1. Yfirlitskort deiliskipulags

4.kafli. Fornleifaskrá


ÁR-405 Miðdalskot

1708: Jarðardýrleiki óviss. Hjáleiga Miðdals, kallast Miðdalshjáleiga 1708 og er þá í auðn - JÁM II, 316. Var nefnt Maríugerði (1801) og Austurkot (1772). Að fornu talin 8 hdr. SB III, 63.

1920: Tún 3,0 ha. Engar upplýsingar um sléttun. "Þá eina grasnautn hafði býlið, sem staðurinn aflagði, nema hvað þar fyrir utan naut þolinmæði bóndans í Laugardalshólum ... Byggja má hjer aftur, ef staðarhaldarinn vill grasið missa, og ábúendur á Laugardalshólum átroðninginn þola." JÁM II, 316. Jörðin er að mestu algróin. Hún var talin rýrðarkot áður. SB III, 63.

ÁR-405:001 *Miðdalskot* bæjarstæði bústaður 64°14,308N 20°32,299V

Gamla bæjarstæðið er í túni um 130 m ofan við núverandi íbúðarhús sem byggt var 1938. Hóllinn er í brekku sem hallar í suður, um 50 m breiður í austur - vestur. Fast norðan hans er enn eldri bæjarhóll (006).



Nú er á svæðinu sléttað tún.

Kort 2. Mörk túns og staðsetning húsa 1920

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-405:002 heimild um útihús 64°14,310N 20°38,284V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu hús um 50 m NNV við bæjarhúsin. Hóll er í brekkunni fast norðan bæjarhólsins (001) um 100 m upp í brekkunni. Hóllinn er um 50 m breiður frá austri til vesturs. Samkvæmt örnefnaskrá var Gamlibær, eldra bæjarstæðið, norðan bæjarhólsins og má telja líklegt að þessi útihús hafi verið á sama

stað. Nú er þar sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-405:003 heimild um útihús 64°14,323N 20°38,216V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru útihús um 60 m norðaustan bæjarhóls (001).

Nú er þar sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-405:004 heimild um útihús 64°14,323N 20°38,216V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu útihús um 60 m austan bæjarhóls (001).

Nú er þar sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-405:005 *Lambhúsbrekka* örnefni lambhús 64°14,338N 20°38,341V

"Vestan í [túninu] er Lambhúsbrekka, há brekka sem gengur austur eftir túninu." segir í örnefnaskrá. Brekkan er um 65 m norðvestur af bæjarhólnum (001) og má segja að vesturhluti hans og Gamlibær (006) standi í suðausturhluta brekkunnar.

Nú er þar sléttað tún

Heimildir: Ö-Miðdalskot, 1

ÁR-405:006 *Gamlibær* heimild um bústað 64°14,310N 20°38,284V

"Elsti bærinn, sem nefndist Gamlibær, var nokkuð fyrir ofan húsinn sem nú eru." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru útihús um 50 NNV við bæjarhúsin.

Hóll er í brekkunni fast norðan bæjarhólsins (001) um 100 m upp í brekkunni.

Hóllinn er um 50 m breiður frá austri til vesturs og er líklegt bærjastæði. Útihúsin 002 hafa staðið á sama stað eða undir hólnum. Nú er þar sléttað tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Miðdalskot, 1

ÁR-405:007 *Hesthúsflöt* örnefni hesthús 64°14,269N 20°38,440V

"Síðar var byggður nýr bær neðar og enn neðar en bærinn stendur nú. Þar sem hann

er nú hét Hesthúflöt." segir í örnefnaskrá. Núverandi íbúðarhús er um 130 m suðaustur af bæjarstæðinu 001.

Íbúðarhúsið er í norðurenda flatarinnar en norðan og norðaustan þess er núverandi fjós. Að vestan er heimreið er liggur sunnan af þjóðvegi en fast austan hennar er tún og blómagarður næst íbúðarhúsinu sunnan við.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Ö-Miðdalskot, 1

ÁR-405:008 *Gamla Stekkatún* tóft stekkur 64°14,338N 20°37,991V

"Austan við bæjarstæðin gömlu að gilbarmi var Gamla Stekkatún. Gilið nefndist Stekkjargil." segir í örnefnaskrá. Um 260 m austur af bæjarhólnum (001) er tóft. Hún er um 10 m vestur af gilbarminum. Fast sunnan hennar er girðing er girðir af svæði í kringum núverandi fjárhús.

Gilið er austan við tóftina en umhverfis og vestan við það er þýfður mói.

Tóftin er 16 x 7 m að stærð og snýr í suðaustur - norðvestur með op á suðausturgafli. Hún skiptist í tvö hólf, að sunnan 10 x 7 m með greinilegum grjóthleðslum við op, mest þrjú umför. Nyrðra hólfíð er lítillaga niðurgrafið, um 6 x 7 m að stærð. Breidd veggja er mest um 2 m og hleðsluhæð mest 0,5 m.



Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Miðdalskot, 1

ÁR-405:009 *Réttarflöt* örnefni rétt 64°14,203N 20°38,439V

"Gilfarvegur liggur úr [Stekkjar]gilinu og þvert yfir túnið ofan við Hesthúsflöt (007) þar sem bærinn er nú. Réttarflöt er ofan við Gilfarveg." segir í örnefnaskrá. Gilfarvegurinn er austan og sunnan túnsins. Flötin er um 230 m suðvestur af bæjarstæði (001) og um 120 m suður af Hesthúsflöt (007).

Nú er þar sléttuð tún.

Heimildir: Ö-Miðdalskot, 1

ÁR-405:010 *Þvottapyttur* örnefni þvottastaður 64°14,312N 20°38,625V

"Vestan við túnið var smá pyttur eða uppspretta. Nefndist hann Þvottapyttur. Úr honum rann vatn í Þvottalind (011). Hún er skammt vestan við hliðið á heimreiðinni."

segir í örnefnaskrá. Pytturinn var um 250 m vestur af bæjarhólnum (001).

Nú er búið að grafa skurð í gegnum pyttinn og eru sléttuð tún beggja vegna hans.

Heimildir: Ö-Miðdalskot, 2

ÁR-405:011 Þvottalind örnefni þvottastaður 64°14,257N 20°38,693V

"Vestan við túnið var smá pyttur eða uppspretta. Nefndist hann Þvottapyttur (010).

Úr honum rann í Þvottalind. Hún er skammt vestan við hliðið á heimreiðinni." segir í örnefnaskrá. Lindin er um 330 m suðvestur af bæjarhólnum (001) austan heimreiðar en ekki vestan eins og segir í örnefnaskrá. Lindin er um 200 m suðaustur af Þvottapytt.



Á áttunda áratug 20. aldar var afrennsli lindarinnar stíflað og hefur því myndast á svæðinu lítil tjörn.

Heimildir: Ö-Miðdalskot, 2


ÁR-405:012 tóft óþekkt

64°14,564N 20°38,632V


Um 580 m norðvestur af bæjarstæði (001) er tóft.

Tóftin er fast austan við farveg Tófugils sem er í vesturhluta Miðdalskots. Vestan við farveginn er klettur í gílinu en austanmegin er þýfður mói vaxin birki.

Tóftin er 10 x 5 m að stærð og snýr norður - suður. Tóftin skiptist í tvö hólf, það syðra er 6 x 5 m en nyrðra hólfíð er 4 x 5 m að stærð. Grjót sést enn í hleðslum. Breidd veggja er um 2 m og mesta hæð um 1 m. Umhverfis og í tóftinni vex birki og er nyrsti hluti hennar horfin í trjágróður.



Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Kort 3. Minjastaðir í Miðdalskoti

5.Kafli. Niðurstöður

Alls voru skráðir 12 minjastaðir í landi Miðdalskots í Laugardal. Af þeim eru 11 í hinu forna túni Miðdalskots, eða við það, suðaustan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ekki er vitað um neinar fornleifar á skipulagsreitnum sjálfum.

Merkustu fornleifar í Miðdalskoti eru bæjarstæðin **(001)** og **(006)**. Báðir þessir hólar eru í sléttuðu túni, austan í svokallaðri Lambhúsbrekku. Aðrar fornleifar eru fyrst og fremst útihús sem hafa verið sléttuð **(002, 003, 004, 005, 007)**. Verður í flestum tilvikum að teljast líklegt, að eitthvað sé eftir af öllum þessum mannvirkjum undir sverði, þar sem jarðvegsþykknun er allnokkur á þessu svæði og djúpt niður á fast.

Þær fornleifar sem enn eru óskemmdar eru stekkur **(008)** og tóft **(012)**, sem er nú þegar í uppnámi vegna skógræktar. Báðar þessar fornleifar eru fjarri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en mikilsvert er, að þess verði gætt í framtíðinni, að þeim verði ekki spillt frekar með skógrækt eða öðrum framkvæmdum.

6. kafli. *Heimildir*

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Árnessýsla. II bindi.*
Kaupmannahöfn, 1918-21.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn, 1847.

SB III: *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur. III bindi.* [útgáfustað vantar], 1983.

Ö-Miðdalskot: Örnefni í Miðdalskoti. Haraldur Finnson skráði. Örnefnastofnun.